

VATNAMÆLINGAR
SKILAGLEIN 47
- FRNUMRIT -

Vatnamælingaferð um Vestfirði

24. sept. - 6. okt. 1952.

Undirritaður (S.Rist) fór frá Reykjavík kl. 20. þann 24. sept. 1952 með v/s Esju til Patreksfjarðar. Komið var þangað kl. 7 næsta morgun.

Á Patreksfirði fékk ég bíl suður á Rauðasand, svo um Tálknafjörð norður í Fossfjörð og til baka aftur til Bíldudals.

Þennan dag, 25. sept. mældi ég eftirfarandi ár:

SUDURFOSSÁ, Rauðasandi	420	l/sek	p.e.	30	l/sek	pr km ²	422
ÓSÁ, Patreksfirði	450	"	"	22	"	"	423
TUNGUÁ, Tálknafirði	95	"	"	29	"	"	424
FOSSÁ, Fossfirði	675	"	"	23	"	"	425

Sumarveðrátta hefur verið mjög purr á sunnanverðum Vestfjörðum, en þegar hér var komið, höfðu töluverðar rigningar gengið. Dagana 26. - 29. sept. vann ég ásamt tveimur mönnum frá Bíldudal að byggingu yfirlallsstíflna í Seljadalsá og Hnjúksá. Fyrirgreiðslu á Bíldudal annaðist hr. Jón Maron.

Alla þessa daga var stillt og bjart veður með nætufrostum, til fjalla var frost allan sólarhringinn, vatn í ám fór því þverrandi. Yfirlallsstíflurnar eru út 2" timbri, skarðsbreidd 2 m. Stíflan í Seljadalsá er nálægt 200 m hæð y.s. Í Hnjúká er stíflan rétt ofan við rafstöðvarlónið.

Þann 29. sept. mældi ég rennsli Fossará ný, þá Dynjandiá og Mjólká. Þann 30. mældi ég Dýrafjarðarárnar, Botnsá og Hvallátraldalsá. Þá var að skella á suðvestan slagveður. En rennsli ánna hafði ekki aukist við það (á malistöðum). Botnsá var mæld í 50 m

hæð og Hvallátradalsá í 350 m og þar festi snjó. Rennslið í september lok var sem hér segir:

SELJADALSÁ, Bíldudal	115	l/sek	p.e.	13	l/sek	pr km ²	424
HNJÚKSÁ, Bíldudal	154	"	"	26	"	"	428A
FOSSÁ, Fossfirði	550	"	"	29	"	"	426
DYNJANDIÁ, Fjallfoss	1670	"	"	51	"	"	
MJÓLKÁ, fjallsbrún	1700	"	"	61	"	"	
BOTNSÁ, Dýrafirði	780	"	"	34	"	"	427
HVALLÁTRADALSÁ, Dýrafirði	200	"	"	20	"	"	428

Sé nú gert ráð fyrir, að dregið hafi úr rennsli Suðurfossá að sama skapi og Fossá, fæst:

SUDURFOSSÁ 340 l/sek p.e. 24 l/sek pr km²

Tunguá í Tálknafirði er lindaá, svo að hún mun hafa haldizt nær óbreytt þessa daga.

Pann 1. okt. fór ég úr Dýrafirði um Lambadal til Álfafjarðar. Bíllleiðin um Breiðalsheiði var ófær vegna snjóa. Á Lambadalsfjalli fyrir ofan 600 m hæð var kominn töluverður nýr snjór. Þarna er landslag svipað og á Glámusvæðinu, hjarnfannir og urðir. Á hjarnfönnunum festist nýi snjórinn ekki, heldur huldi urðina og þar hlóðust upp skaflar, enda var auk fannburðarins veðurofsi.

Í botni Seljadals p.e.a.s. undir norðurbrún fjallgarðsins eru stærstu hjarnfannirnar á þessum slóðum. Þær eru mjög brattar með jöklusprungur til og frá. Undan stærstu og bröttustu fönninni austan Lambadalsskarðs rann jöklusá. Sú jöklusá var að vísu ekki vatnsmikil, aðeins smálækur ekki yfir lo l/sek, en dökkur af jökulleir og gaf því til kynna, að þarna væri á ferð skriðjökull, sem sverfur jökulstæðið.

Úrkoma hélst allan daginn. Rennsli Eyrardalsár, Súðavík, hafði aukist, enda er nokkur hluti úrkomusvæðisins undir 400 m hæð, en undir 400 m féll úrkoman sem regn pennan dag. Eyrardalsá er af

þeirri stærð, að öruggar mælingar fást aðeins með yfirfallsstíflu. Úrkomusvæðið er aðeins $8,5 \text{ km}^2$ niður við sjó og um 8 km^2 í 150 m hæð.

Oddvitinn hr. Áki Eggertsson annaðist alla fyrirgreiðslu á staðnum varðandi byggingu yfirfallsstíflu og útvegaði two menn til starfsins. Unnt reyndist að veita ánni frá meðan stíflan var byggð. Hún er úr $2\frac{1}{2}$ " timbri. Skarðsbreidd 250 cm, sem ætlast er til að verði þrengt niður í einn metra, þegar mjög lítið er í ánni. Stíflan er eins vönduð og aðstæður leyfðu. Þegar hún var tilbúin þann 4. okt. var rennslið 456 l/sek p.e. 54 l/sek pr km^2 ,

LANGÁ, Engidal.

Dagana 5. og 6. okt. athugaði ég Langá og nágrenni. Til þess að hagnýtar og öruggar vatnamælingar fáist á Langá væri einfaldasta leiðin að byggja þar yfirfallsstíflu og þá nokkru fyrir ofan ármót Langár og Innri-Selár. Þar hefur verið steinsteypt yfirfallsstífla, nokkrar leyfar hennar sjást enn. Ég hvarf þó frá því ráði að endurreisa hana, slikt hefði kostað 5-lo þús. kr., ef um traust mannvirki hefði verið að ræða. Í stað þess valdi ég annan stað nálægt loo m ofar með ánni, þar sem minnstur snjór lagðist á ána s.l. veturn og komið er þá upp fyrir smálæk, sem ekki næðist til virkjunar. Þarna þrengdum við Jón Gestsson að ánni með grjót- og torfstíflu, til þess að hægt sé að byggja þar skyndi yfirfall í veturn, þegar lítið er í ánni. Þarna mælid ég Langá 27. jan. s.l. veturn, rennslið var 85 l/sek. Úrkomusvæðið er 9 km^2 , svo að rennslið var röskir $9 \text{ l/sek pr } \text{km}^2$. Nú var rennslið 585 l/sek, p.e. $65 \text{ l/sek pr } \text{km}^2$. Gera má samanburð á Langá og Eyrardalsá, Súðavík, sem verður mæld reglubundið á yfirfallsstíflu.

Gamla yfirfallsstíflan í Langá, sem ég nefndi hér að framan, hefur verið vönduð. Hún stóð á klöpp og var úr steinsteypu og

boltuð niður, nú sést annar stífluvængurinn, sem er heill og bolta-röðin, sem steypan hefur brotnað frá. Í frumskrám, sem ég hef fundið, er yfirfallið skráð 250 cm breitt. Ekki verður annað séð en stíflan hafi átt að gefa örugga mælingu. Mælingarnar ná yfir tíma-bilið 1937-40, en séu frumbækur bornar saman við línurit hr. raffr. Jóns Gauta um rennsli Langár í greinagerð hans "Rafveita ísafjarðar og Eyrarhrepps", kemur fram mikið ósamræmi. Gauti sýnir rennsli Langár aldrei undir loo né yfir 2250 l/sek, en álestrartöflurnar spenna yfir bilið 84 til 6250 l/sek. Enga athugasemd er að finna í skýrslunum um, að þær purfi leiðréttigar við, ætla verður þær réttar. Ég hef ekki unnið úr skýrslunum enþá, en við lauslega at-hugun sézt að Langá er langtínum saman á vetrínum 90-150 l/sek, en margfaldast svo nokkra daga í senn, þegar hlákur koma.

Samkvæmt lauslegri athugun (réttara sagt ágizkun) mætti fá um 150 m fall í Langá með 1500 m langri pípu p.e.a.s. stífla hana í 200 m hæð. Og væri ekki athugandi að taka Innri-Selá inn í þá pípu með því móti að stífla hana í sömu hæð og Langá. Ef Selárnar eru sam-einaðar gæfu þær rennsli af 6 km^2 svæði inn á aflvélar Langár. Heild-arúrkamusvæði Selánna er 8 til 9 km^2 , en rennsli af 2 til 3 km^2 nýt-ast sennilega í Nónhornsvatni. Auk þessa kæmi til athugunar að taka Fossá einnig upp í sömu hæð, með því móti nýtizt rennsli af $9+6+2 = 15 \text{ km}^2$. Hve afkastamikil virkjun fengist á þennan hátt, verð-ur ekki sagt enn, nægilegar mælingar liggja ekki fyrir. Gráfustu drættirnir eru þó bekktir. Parna er mikið summarvatn, en getur kom-ist niður undir loo 1/sek í langvarandi frosthörkum að vetrinum, en það gefur aðeins 150 hestöfl. Aðalnot þessarar aflvélar yrði seint á haustin og snemma vors, því að ætla má, að hún klípi einn mánuð framan af og annan aftan af miðlunartímabili Fossavatns, auk þess sem miðsvetrarleysingar yku afköst hennar og mætti þá spara birgð-arnar í Fossavatni. Fossavatnsstöðin yrði þá notuð sem toppstöð,

en Langárstöðin sem grunnstöð er skilaði langtínum saman að vetrinum
400-600 hestöflum. Áframhaldandi mælingar munu skyra þetta nánar.

Reykjavík, 14. okt. 1952.

Sigurjón Rist.
(sign.)